

**37. fundur Ungmennaráði Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
mánudaginn 15. maí 2023 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ronja Helgadóttir, aðalmaður,
Jón Grétar Guðjónsson var fjarverandi en í staðinn sat Elísabet Ásgerður
Heimisdóttir, varamaður,
Sveinn Ingi Guðjónsson, aðalmaður,
Jóhann Gauti Guðmundsson, aðalmaður,
Helgi Már Kjartansson, aðalmaður,
Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.

Fundargerð ritaði: Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála.

Fyrir var tekið:

1. Gestir á fundi Ungmennaráðs Fjallabyggðar - 2212024

Ungmennaráð tekur á móti gestum á fundi sína og fær kynningu á áhugaverðum málefnum að þeirra vali.

Niðurstaða

Fyrri gestur fundarins var Hjörtur Hjartarson deildarstjóri félagsmáladeildar en ungmennaráð hafði óskað eftir að fá kynningu á málefnum fatlaðs fólks í Fjallabyggð. Hjörtur kynnti fyrir nefndarmönnum framboð þjónustu við fatlað fólk og rétt þeirra til þjónustu með áherslu á yngri kynslóðina. Hjörtur svaraði svo spurningum fundarmanna. Seinni gestur fundarins var Óskar Þórðarson formaður UÍF en ungmennaráð hafði einnig óskað eftir kynningu á íþróttamálum í sveitarfélaginu. Óskar fór yfir uppbyggingu og skipulag UÍF og hlutverk þess. Óskar svaraði svo spurningum fundarmanna. Ungmennaráð þakkar þeim Hirti og Óskari fyrir komuna og góðar kynningar.

2. Ungmennaráð - ýmis mál - 2304025

Fundarmenn ræða um mál sem brenna á ungmennunum. Um er að ræða síðasta fund ráðsins í vetur.

Niðurstaða

Rætt um starf liðins vetrar. Þetta er síðasti fundur ráðsins í vetur. Deildarstjóri fræðslu-, frístunda- og menningarmála þakkar nefndarmönnum fyrir mjög vel unnin störf í vetur. Ungmennaráð hefur verið mjög áhugasamt og virkt í starfi sínu á liðnum vetri.

Ungmennaráð langar að hvetja unglinga og ungmenni í Fjallabyggð til að taka þátt í starfi í ungmennaráði og vera virk og dugleg að láta í sér heyra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.

Ronja Helgadóttir

Elísabet Ásgerður Heimisdóttir

Sveinn Ingi Guðjónsson

Jóhann Gauti Guðmundsson

Helgi Már Kjartansson